

EFTIRLITSSKÝRSLA

Borgarbyggð Bjarnhólar



| | | | |
|---------------------|---------------------------|-------------------------|----------------------------|
| Dags eftirlits | 7.10.2024 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Halla Margrét Viðarsdóttir |
| Fyrirtæki | Borgarbyggð | Eftirlitsmaður | Halla Margrét Viðarsdóttir |
| Heimili | Borgarbraut 14 | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 5106942289 | Flokkur | Úrgangur og efnamóttaka |
| Fulltrúi fyrirtækis | Sóley Birna Baldursdóttir | ÍSAT nr. | 38.21.00 |
| Fulltrúi fyrirtækis | | Staðsetning | 360101,859 451983,822 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit. Ein ábending er lögð fram vegna niðurstaðna úr sýnatökum vöktunar úr læk vegna ársins 2022.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Borgarbyggðar við Bjarnhóla í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Starfsleyfi heimilar meðhöndlun og urðun á 80 t á ári af óvirkum úrgangi. Rekstraraðila er heimilt að taka á móti 310 t af viðar- og garðaúrgangi til kurlunar og annarrar meðhöndlunar, t.d. til flokkunar og geymslu eða sem undirbúning fyrir endurnýtingu úrgangsins, hámarks magn til geymslu skal ekki fara yfir 500 m³ hverju sinni. Heimilt er að taka á móti 120 t af garðaúrgangi og hrossataði til jarðgerðar í opnum múgum og heimilt er að taka á móti að hámarki 10 t af brotamálmi til geymslu (hámark tveir gámar).

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi

- Farið yfir starfsleyfi
- Móttaka og skráning úrgangs
- Verkstjórn og takmörkun aðgangs
- Skráningar og mælingar
- Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Önnur mál

Farið var yfir umfang starfseminnar en á urðunarstaðnum árið 2023 voru urðuð 11 t af óvirkum úrgangi á urðunarstaðnum. Rekstraraðili tók á móti 31 t af viðarúrgangi frá umbúðum og úrgangi frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi, 132 t af garða-, garðyrkju- og skógræktarúrgangi, 18 t af húsdýraskít og 224 t af jarðefnum (steinar, mól og sandur). Rekstraraðili hefur ekki nýtt heimild til geymslu brotamálms eða jarðgerðar. Aðgangur að urðunarstaðnum er takmarkaður og er hann í umsjón áhaldahúss sveitarfélagsins.

Rekstraraðili hefur skilað skráningum og mælingum í samræmi við starfsleyfi urðunarstaðarins. Hvað vöktun varðar ber að fylgjast með gæðum grunnvatns með því að bera saman niðurstöður á vöktun úr mælingum fyrir ofan og neðan urðunarstaðar, engar athugasemdir eru lagðar vegna þeirra niðurstaðna.

Rekstraraðili lagði fram áhættumat og viðbragðsátlun við eftirlit, sem og ábyrgðatryggingu vegna atvinnurekstrars. Engar athugasemdir eru lagðar fram vegna aðkomu inn á urðunarstað.

Farið var yfir áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlits. Síðast var urðunarstaðurinn metinn undir áhættuflokki C og hefur fengið eftirlit annað hvert ár. Áhættumat er endurskoðað samhliða eftirliti, niðurstaða þessa árs er sú sama.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

ÁBENDINGAR

Meta skal gæði yfirborðsvatns út frá umhverfismörkum tilgreindum í fylgiskjali með reglugerð nr. 796/1999 um varni gegn mengun vatns og skulu mælingar vera framkvæmdar annað hvert ár í læk sem rennur um urðunarstaðinn. Eftirtektarvert er að niðurstöður á mælipáttunum súrefnisþörf (COD) og köfnunarefnis (Nheild) árið 2022 lenda í flokk umhverfismarkna IV og V sbr. fylgiskjali um umhverfismörk fyrir ástand vatns í rgl. nr. 796/1999. Ekki eru gerðar mælingar á ammóníum úr læknum. Ef eldri mælingar eru rýndar, frá 2018 og 2020 þá eru miklar sveiflur á niðurstöðum úr mælingum þessa tveggja mælipátta, ekki er hægt að útiloka áhrif frá landbúnaði umhverfis urðunarstaðinn á niðurstöður úr mælingunum eða hvort um dæmigerðar sveiflur í bakgrunnsgildi er að ræða. Ekki eru

gerðar frekari mælingar sem nýst geta til samanburðar t.d. úr læk ofar við urðunarstaðinn. Gott væri að rekstraraðili hafi þessar athugasemdir sér til hliðsjónar þegar niðurstöður koma fram vegna mælinga í læk sem framkvæmdar eru á þessu ári.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir

Halla Margrét Viðarsdóttir